

# Upplýsingar um sjálfbærni

Dagsetning: 1.1. 2024

## Grunnupplýsingar og afurð

### Lífswerk 1, séreignaleið Lífswerks lífeyrissjóðs

Lífswerk lífeyrissjóður, kt. 430269-4299, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, s: 575 1000.

Netfang: [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is), heimasíða [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

Lífswerk lífeyrissjóður heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

## Yfirlýsing

Þessi fjármálaafurð uppfyllir skilyrði 6. gr. í reglugerð (ESB) 2019/2088<sup>1</sup> um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

Undirliggjandi fjárfestingar séreignaleiðarinnar taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.<sup>2</sup>

## Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti

Þessi fjármálaafurð tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti<sup>3</sup> við fjárfestingarákvarðanir. Sjóðurinn telur sig ekki geta framkvæmt fullnægjandi mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar eru enn af skornum skammti og gæði þeirra oft á tíðum ófullnægjandi.

## Áhætta tengd sjálfbærni

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Þessi áhætta getur aukið sveiflur í ávöxtun. Við mat á sjálfbærni er horft til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat fjárfestinga. Tekið er tillit til áhættu tengdrar sjálfbærni í fjárfestingarferli þar sem útgefendur verðbréfa eru metnir með tilliti til umhverfis- og félagslegra þátta auk stjórnarháttá þegar við á.

Að mati Lífswerks lífeyrissjóðs kann áhætta tengd sjálfbærni að hafa neikvæð áhrif á ávöxtun séreignaleiðarinnar en ekki meiri en á aðrar sambærilegar fjármálaafurðir. Lífswerk lífeyrissjóður telur að innri ferlar komi í veg fyrir að eignasafnið verði óásættanlega berskjaldað gagnvart sjálfbærniáhættu.

## Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um Lífswerk 1 má finna á [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

<sup>1</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

<sup>2</sup> Viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi koma fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088.

<sup>3</sup> Í 24. tölul. 2. gr. Reglugerðar (ESB) 2019/2088 eru "sjálfbærniþættir" skilgreindir sem "umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðing fyrir mannréttindum, spillning og mútumál".